

AUGLÝSING

um deiliskipulag Snæfellsskála í Vatnajökulsþjóðgarði, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 15. febrúar 2017, deiliskipulag Snæfellsskála í Vatnajökulsþjóðgarði á Fljótsdalshéraði.

Skipulagssvæðið er vestan undir Snæfelli miðju innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem stofnaður var árið 2008. Snæfellsskáli og tjaldsvæðið er í eigu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Markmið deiliskipulagsins er að bæta aðstöðu bæði landvarða og ferðamanna á svæðinu. Gert er ráð fyrir stækkun salernisaðstöðu og bættu aðgengi fatlaðra. Einnig er gert ráð fyrir byggingu nýs skála fyrir landverði og geymslu við hestagerði.

Leitast verður við að halda mannvirkjasvæðunum í lágmarki og finna mannvirkjum stað þar sem fyrirséð er að þau muni hafa sem minnst áhrif á ásýnd lands.

Mannvirki, þ.m.t. hús, skilti og brýr skulu falla vel að landi. Útlit þeirra verði samræmt en þó með sérstöðu svæða í huga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 20. mars 2017.

Vífill Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2017